

**SAMÞYKKT**

um breyting á samþykkt nr. 63, 29. apríl 1960 fyrir Sparisjóð Vélstjóra.

**1. gr.**

14. gr. orðist svo:

Viðskiptakjör á innlánsreikningum við sparisjóðinn ákveður sparisjóðsstjórn í samræmi við ákvæði gildandi laga.

Vextir og/eða verðbætur af innlánsreikningum skulu reiknaðir út að fullu og færðir í bækur sjóðsins eigi sjaldnar en einu sinni á ári og ávallt í lok hvers árs.

Í fyrsta sinn, sem viðskiptabók er sýnd eftir að vextir af innstæðu hafa verið færðir á viðskiptareikning viðkomandi viðskiptamanns skulu vextirnir færðir í viðskiptabókina, og skal þess nákvæmlega gætt, að upphæð innistæðufjár að meðtöldum vöxtum í viðskiptabókinni beri saman við það, sem viðskiptareikningurinn telur.

**2. gr.**

Framanrituð samþykkt staðfestist hér með og öðlast þegar gildi.

*Viðskiptaráðuneytið, 27. apríl 1981.*

**F. h. r.**

**Þórhallur Ásgeirsson.**

Björn Lindal.

**AUGLÝSING**

um gjaldskrá fyrir sundstaði í Reykjavík.

Fullorðnir, einstakir miðar .....	kr.	7.00
Börn, einstakir miðar .....	—	3.00
Fullorðnir, 10 miðar .....	—	45.00
Börn, 10 miðar .....	—	15.00
Aldraðir, 10 miðar .....	—	22.50
Gufubað .....	—	12.00
Leiga á handklæðum og skýlum .....	—	5.00
Sundnámskeið, fullorðnir .....	—	140.00
Sundnámskeið, börn .....	—	100.00
16 ára og eldri, 10 miða kort, sundfélög .....	—	15.00
16 ára og yngri, 10 miða kort, sundfélög .....	—	8.00

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 32 7. maí 1928 til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Jafnframt er úr gildi felld gjaldskrá nr. 16 14. janúar 1981.

*Félagsmálaráðuneytið, 12. maí 1981.*

**F. h. r.**

**Jón S. Ólafsson.**

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.